

Byggingarfulltrúi Eyjafjarðarsvæði

Óseyri 2 pósthólf 120 602 Akureyri

S. 4604477 8935350 bréfsími 4604478

Árið 2004 fimmtudaginn 22. janúar kl. 13.30 kom byggingarnefnd Eyjafjarðar saman til 21. fundar að Óseyri 2 Akureyri. Formaður Hreiðar Hreiðarsson setti fundinn.

Fyrir voru tekin eftirtalin erindi:

1. Guðbergur Egill Eyjlósfsson Hléskógum Grýtubakkahrepp sækir um leyfi fyrir breytnu á hlöðu og fjósi í lausgöngufjós með legubásum og mjaltabás. Meðfylgjandi grunnmynd sem sýnir breytingarnar er frá BÍ, undirrituð af Magnúsi Sigsteinssyni, verk nr. 0834-10.

Byggingarnefnd frestar erindinu, en tekur jákvætt í þær hugmyndir sem fram koma á meðfylgjandi grunnmynd. Nefndin fer fram á að skilað verði inn teikningu sem sýnir þversnið af þeim byggingum sem fyrirhugað er að breyta og afstöðumynd. Einnig vantar umsögn frá slökkviliðsstjóra.

2. Erindi frá Hauk Halldórssyni Þórmörk Svalbarðsstrandarhrepp um skiptingu á gistihúsi í 3 sjálfstæðar eignir. Húsið er á lóð merkt Sveinbjarnargerði II-B. Einnig er sótt um smávægilegar breytingar á íbúð sem er í suðurenda hússins. Meðfylgjandi teikningar eru frá H.S.Á Teiknistofu verk nr.03-215, sem sýna skil milli eigna og breytingu á íbúð.

Samþykkt.

3. Snorri Egilsson Lerkiási 4 Garðabæ skilar inn nýjum teikningum (reyndarteikning) af sumarhúsi sem byggt var á landspildu úr landi Meyjarhóls sem heitir Strönd. Byggingarnefnd samþykkti teikningu af sumarhúsi á fyrrnefndri lóð 18. júní 2003. Nú hefur komið í ljós að húsið mun hafa þrúnað það mikið vegna “votviðris” á byggingartímanum, að ekki var hjá því komist að mæla húsið upp og gera af því nýjar teikningar, enda stækkunin eins og fram kemur í nýrri skráningartöflu orðið 16.5 fermetrar. Einnig kemur fram á teikningunni að garðstofu er breytt í stofu.

Byggingarnefnd telur sig ekki geta neitað að samþykkja þessa stækkun, enda hún greinilega orðið af óviðráðanlegum orsökum.

4. Á fundi byggingarnefndar 16. desember s.l. var erindi frá Skruggu ehf um breytingar á Hjalteyrarskóla frestað.

Fram kemur í nýrri umsókn, að auk umsóknar um breytingar á húsnaðinu er óskað eftir leyfi fyrir því, að húsnaðinu verði skipt í 2 fasteignir, íbúð í norðausturhluta og atvinnurými í suðvesturhluta. Einnig er sótt um leyfi fyrir 2 gámum á lóðinni og er staðsetning þeirra sýnd á meðfylgjandi afstöðumynd.

Nú liggja fyrir umsagnir frá öllum aðilum sem málið varðar og eru þær athugasemdalaugar, nema frá eldvarnareftirliti, þar kemur fram, að ef breyting verður á eignaaðild í húsinu þarf að uppfylla ákvæði í reglugerðum vegna skiptinga milli eigna.

Byggingarnefnd samþykkir að húsinu verði skipt í 2 fasteignir, og þær breytingar á því sem teikningar undirritaðar af Ágústi Hafsteinssyni sýna. Nefndin ítrekar athugasemd sem fram kemur frá eldvarnareftirliti um skil milli eigna, verði breyting á eignaaðild og gerir kröfu um að þess verði getið sem kvöð í eignaskiptayfirlýsingu.

Stöðuleyfi fyrir gáma samþykkt miðað við gildandi byggingarreglugerð.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16.00.

Hreiðar Hreiðarsson
Kristján Kjartansson
Hermann Jónsson

Klængur Stefánsson
Bragi Pálsson
Jósavin Gunnarsson